



Opinn fundur Véihjólaípróttaklúbbsins


28. september 2005






Ályktun opins fundar Véihjólaípróttaklúbbsins

28. september 2005






Ályktun fundarins

Fundarmenn opins fundar Vélfjóraípróttaklúbbsins skora á samgönguráðuneytið og viðskiptaráðuneytið að beita sér fyrir því að umferðarlög og reglugerðir sem tengjast vélfjóraípróttum verði teknar til endurskoðunar með það að markmiði að skýra reglur um skráningar og notkunarsvið torfæruhjóla þannig að enginn vafi leiki á um tryggingavernd torfæruhjólafólks.


Umferðarlög og reglugerðir taka ekki mið af torfæruvélfjóraípróttinni eins og hún hefur próast á undanförunum árum og því löngu tímabært að gildandi lög og reglugerðir taki breytingum í takt við tímann.






Ályktun fundarins frh.

Fundurinn skorar jafnframt á Umferðarstofu, Umferðarráð og sveitarfélög að ganga til samstarfs við vélhjóláípróttafélögin í landinu um aukna fræðslu og þjónustu við torfæruhjólafólk. Með því að taka höndum saman geta vélhjóláípróttafélögin og ofantaldir aðilar aukið skilning á mikilvægi góðrar umgengni við landið og virðingu fyrir rétti annarra. Fundurinn vonast til að aukin samskipti auki enn fremur skilning þessara aðila á aðstöðuleysi og því sinnuleysi sem þessi ört vaxandi hópur hefur mætt á undanförunum árum.





Ályktun fundarins frh.

Fundurinn skorar ennfremur á alla eigendur torfæruhjóla að virða gildandi lög um notkun torfæruhjóla, að aka einungis á þeim svæðum sem íþróttinni eru ætluð og aka ekki utan vega.

